

Fógetarétturinn verður nú að lita svo á, að félagið sé útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. II, 1. lið laga nr. 46 frá 1926, og er þá ekki unnt að taka hin framkomnu mótmæli til greina.

Mánudaginn 20. nóv. 1933.

Nr. 91/1933. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Oddsteini Friðrikssyni

(Bjarni Þ. Johnson)

Sýknun af kæru um ölvun.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 24. marz 1933:
Kærður, Oddsteinn Friðriksson, greiði 50 króna sekt til ríkissjóðs og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns í málinu, B. P. Kalman, hrm., 40 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærði, Oddsteinn Friðriksson, er í máli þessu sakaður um að hafa verið ölvaður á opinberri danssamkomu í Alpýðuhúsinu í Vestmannaeyjum hinn 26. dez. f. á. Hefir lögregluþjónn, er þar var staddur, borið það fyrir réttinum, að hann hafi séð kærða kl. 12 um nóttina uppi á lofti í húsinu mikið drukkinn, hafi það sést af andlitsútliti hans og augum, og hafi kærði verið hávaðasamur og með „drykkjuröfl“, en hann hafi hætt því, er lögregluþjóninn hafi borið þar að og eftir það hafi hann verið rólegur svo ekki hafi þurft að fara með hann burt úr samkomuhúsinu. Annað vitni, tollgæzlu-

maður, Sigurjón Sigurbjörnsson, hefir og borið það, að kærði hafi verið mikið ölvaður og með hávært samtal við menn, sem hjá honum voru uppi á loftinu.

Kærði hefir að visu kannast við að hafa nokkru áður en hann fór á dansleikinn drukkið rúma hálfa flösku af portvíni og hann játar, að hann hafi fundið á sér, en hann neitar því eindregið, að hafa verið ölvaður eða haft í frammi nokkurn verulegan hávaða. Hafa áðurnefnd 2 vitni ekki verið borin saman við kærða fyrir réttinum eða látin staðfesta framburð sinn með eiði, svo sem átt hefði að vera til að öðlast fullt sönnunargildi.

Hinsvegar hafa 3 menn, er voru með kærða á dansleiknum verið leiddir sem vitni. Bera þeir það að kærði hafi setið hjá þeim allan tímann, sem þeir voru uppi á loftinu, hafi eitthvað litilsháttar séð vín á kærða, en hann hafi hvorki haft í frammi hávaða eða drykkjulæti. Þegar þeir hafi komið upp á loftið hafi verið þar þröng í kringum ölvaðan mann og hafi kærði spurt um það, hver maður þessi væri, og með því að hann var kunningi kærða, hafi hann kallað til hans og beðið hann að koma til sín í þeim tilgangi að sefa manninn, en þar sem ekki hafi orðið af því, hafi kærði látið málið afskiptalaust. Loks hefir enn eitt vitni verið leitt í málinu, Cæsar Hallgrímsson. Ber vitnið, að það hafi hitt kærða kl. 11—12 eða litlu áður en kærði fór upp á loft og talað þar við hann stundarkorn, og kveðst vitnið alls ekki hafa orðið þess vart, að kærði væri undir áhrifum vins.

Að þessu athuguðu verður það ekki talið sannað, að kærði hafi verið ölvaður á fyrrgreindri samkomu og verður því að sýkna hann af kæru vald-

stjórnarinnar í þessu máli og leggja allan kostnað sakarinnar á almannafé, þar með talin málflutningslaun hins skipaða talsmanns kærða í héraði, 40 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Oddsteinn Friðriksson, á að vera sýkn af kærðu valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun skipaðs verjanda í héraði, málflutningsmanns Björns P. Kalman, 40 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Bjarna P. Johnson, 60 kr. til hvors, greiðist úr rikissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Oddsteini Friðrikssyni, útgerðarmanni, til heimilis Hásteinsveg 5 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 64, 19. maí 1930 og lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar frá 31. marz 1928.

Málavextir eru sem hér segir:

Þann 26. dez. s. l. var opinber skemmtun í Alþýðuhúsinu hér í bænum og var hverjum sem vildi seldur aðgangur að skemmtun þessari. Kærður fór á skemmtun þessa og kl. að ganga 12 um kvöldið komu þeir Jóhann, J. Albertsson, lögregluþjónn og Sigurjón Sigurbjörnsson, tollvörður upp á loft í nefndu samkomuhúsi og var kærður þá þar og hafa þeir báðir, Jóhannes og Sigurjón, borið það fyrir rétti, sem vitni í máli þessu, að kærður hafi þá verið mikið ölvaður og í háværu samtali við menn, sem voru þar hjá honum og að það hafi verið augsynlegt af and-

litsútliti hans og augum, meðal annars, að hann hafi verið mikið ölvaður og hefir Jóhannes J. Albertsson ennfremur borið það, að kærður hafi viðhaft drykkjurövl og hefir kærður tekið framburð vitna þessara jafngildan og eiðfestur væri.

Kærður hefir neitað að hafa verið ölvaður við umrætt tækifæri en hefir játað að hafa drukkið rúmlega hálfa flösku af portvíni og eitthvað af öli þá um kvöldið og kveðst hafa fundið á sér áhrif af því áfengi, en ekki svo mikið, að hann gæti talizt ölvaður.

Samkvæmt ósk hins skipaða talsmanns kærða í málinu, hafa verið yfirheyrð fjögur vitni í málinu, auk þeirra, sem að framan greinir. Vitnið Gæsar Hallgrímsson hefir borið, að hann hafi hitt kærðan í samkomusalnum í nefndu samkomuhúsi umrætt kvöld og virðist það hafa verið áður en þeir Jóhannes Albertsson og Sigurjón Sigurbjörnsson sáu kærðan uppi á lofti í nefndu húsi og kveðst hann ekki hafa séð að kærður væri ölvaður eða undir áhrifum víns, en hann sá ekki kærðan á þeim tíma, er nýnefnd vitni hafa borið að hann hafi verið ölvaður og hefir framburður hans því ekki þýðingu í máli þessu. Vitnin Sigurgeir Jósefsson, Svavar Björnsson og Brynjólfur Hallgrímsson, voru með kærðum uppi í samkomuhúsinu á umræddum tíma og hafa þeir allir borið, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengis, en halda fram, að hann hafi eigi getað talizt ölvaður og að hann hafi ekki verið háværarari en að venju. Þeir Sigurgeir og Svavar hafa játað, að hafa verið undir áhrifum áfengis, og virðist því ekki unnt að byggja neitt verulegt á framburði þeirra. Brynjólfur Hallgrímsson var, eftir því, sem upplýst er í málinu, eigi undir áhrifum áfengis og hafði eigi neytt neins áfengis umrætt kvöld, en hann er mágur kærðs og verður því að teljast vilhalt vitni í málinu.

Rétturinn verður því að lita svo á, að þó framangreind vitni hafi haldið því fram, að kærður hafi eigi getað talizt ölvaður á umræddum tíma, þá verði þó að telja það nægjanlega sannað með framburði þeirra Jóhannesar J. Albertssonar, lögregluþjóns og Sigurjóns Sigurbjörnssonar, tollvarðar, að svo hafi verið og með því að kærður var þannig ölvaður í samkomuhúsi á opinberri skemmtisamkomu, sem hver sem vildi gat fengið keyptan aðgang að,

verður rétturinn að líta svo á, að kærður hafi þannig gerzt brotlegur gegn 16. gr. laga nr. 64, 19. maí 1930, en eigi þykir samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, nægileg ástæða til að álíta að kærður hafi með hávaða þeim, er hann hafði í frammi við umrætt tækifæri, gerzt brotlegur gegn ákvæðum lögreglusamþykktar kaupstaðarins.

Refsing sú, sem kærður hefir unnið til, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 36. gr. nefndra laga 50 kr. sekt til ríkissjóðs og komi fimm daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa. Svo ber og að dæma kærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns í málinu. B. P. Kalman, hrm., er þykir hæfilega ákveðin, 40 krónur.

Miðvikudaginn 22. nóv. 1933.

Nr. 78/1933. **Eggert Claessen, f. h. Guðrúnar Laxdal** (Eggert Claessen)

gegn

bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Útsvar lagt á ólöglegan útsvarsstofn.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 15. júní 1933: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Við aðalniðurjöfnun aukaútsvara í Reykjavík árið 1932 var Guðrúnu Laxdal gert að greiða 1300 kr. aukaútsvar til bæjarsjóðs. Með því að útsvar þetta eigi fékkst greitt krafðist hinn stefndi bæjargjaldkeri þess, fyrir bæjarsjóðs hönd, að það yrði innheimt með lögtaki. Í fógetaréttinum mótmælti lög-ráðamaður téðrar Guðrúnar, áfrýjandi máls þessa,